

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	14.11.2016
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1512105



Hr. Bæjarstjóri, Gunnar Einarsson
Garðatorgi
210 Garðabæ

Garðabæ, 8. nóvember 2016,

Evrópumót kvennalandsliða í golfi á Urriðavelli 2016

Evrópska golfsambandið (EGA) tók þá ákvörðun á haustmánuðum 2014 að Evrópumót kvennalandsliða í golfi skyldi fara fram á Íslandi árið 2016. Ákveðið var að velja Urriðavöll í Garðabæ sem keppnisstað en nokkru áður höfðu fulltrúar EGA tekið út aðstæður hjá Golfklúbbum Oddi þegar B-deild karla fór fram á Hvaleyrarvelli árið 2012. Ákvörðun EGA að halda stórt alþjóðlegt golfmót á Íslandi er mikill heiður fyrir golf á Íslandi og ekki síst fyrir Golfklúbbinn Odd að fá tækifæri til að halda alþjóðlegt golfmót af þessari stærðargræðu. Mótið er eitt af stærstu mótum sem EGA heldur á hverju ári og til marks um mikilvægi þess kom forseti EGA til landsins og fylgdist með því alla keppnisdagana. Alls tóku 20 þjóðir þátt í mótinu og voru margir af bestu áhugakylfingum Evrópu á meðal keppenda.

Undirbúningur fyrir Evrópumótið hófst haustið 2014 og jókst undirbúningur eftir því sem nær dró móti. Undirbúningurinn var margvíslegur en opnuð var sérstök vefsíða fyrir mótið og fésbókarsíða opnuð auk þess sem að gefið var út mótsblað. Kynningarmyndband var útbúið og sérstök skortort og vallarvísir útbúin vegna breytinga á vellinum. Stórri skortöflu var komið fyrir á húsgafli klúbbhússins á Urriðavelli auk þess sem lifandi skor var sýnt á þremur skjáum í klúbbhúsi. Reist voru 4 stór veislutjöld við klúbbhúsið fyrir keppendur og sjálfboðaliða auk þess sem skortjöld voru úti á velli á meðan á móti stóð. Vallarstarfsmenn stóðu einnig í ströngu bæði fyrir og á meðan á móti stóð og mikil vinna lögð í það að hafa völlinn í eins góðu ásigkomulagi og hægt er fyrir þetta stórmót. Sem dæmi má nefna að í stað þess að slá flatir einu sinni eins og gert er á venjulegum sumardegi að þá voru þær slegnar tvisvar og valtaðar einu sinni.

Óhætt er að segja að mótið hafi tekist vel til. Í skýrslu frá fulltrúa EGA í mótstjórn fær Golfklúbburinn Oddur mjög jákvæða umsögn fyrir framkvæmd mótsins. Veður var með miklum ágætum á meðan á mótinu stóð. Golfklúbburinn Oddur fékk mikið hrós fyrir góða umgjörð í kringum mótið og fyrir faglega frammistöðu við framkvæmd þess.

Í umsögn um mótið fékk Golfklúbburinn Oddur einnig mikið hrós fyrir fjölda þeirra sjálfboðaliða sem tóku þátt í því að gera veg mótsins sem mestan. Yfir 80 sjálfboðaliðar tóku þátt í mótinu og gengu í ýmis verkefni; s.s. skorskráningu, forvörslu og önnur verkefni. Samkvæmt tölfræði frá verkefnastjóra sjálfboðaliða þá kom í ljós að sjálfboðaliðar stóðu vaktina í 2.366 klukkustundir eða í 388 tíma á dag. Vinna sjálfboðaliða á meðan mótinu stóð var ómetanleg og höfðu keppendur orð á því að móti loknu að það hefði komið þeim á óvart hversu mikinn metnað Íslendingar settu í mótið og að fjöldi sjálfboðaliða hefði sett skemmtilegan blæ á mótið. Auk sjálfboðaliða störfuðu 23 starfsmenn Golfklúbbsins Odds við mótið, 6 dómara, þar af einn frá EGA og einn frá R&A auk meðlima í stjórnnum Golfsambands Íslands og Golfklúbbsins Odds.

Mótið stóð í sjö daga, þar af voru fimm keppnis dagar. England fagnaði sigri í mótinu eftir sigur á Spáni í ævispennandi úrslitaleik. Fram komu í sigurræðu enska liðsins að gæði



golfvallarins hefði komið sér á óvart og hversu mikil upplifun það hafi verið að koma til Íslands til að taka þátt í þessu móti.

Evrópumót kvennalandsliða á Urriðavelli 2016 mun vafalaust hafa mjög jákvæð áhrif á íslenskt golf. Í umsögn EGA um mótið kemur enn fremur fram að Ísland sé góður vettvangur fyrir mót af þessari stærðargráðu og búast má við að fleiri alþjóðleg golfmót fari fram á Íslandi á næstu árum. Jafnframt má gera ráð fyrir að aukning verði í fjölda erlendra kylfinga sem heimsækir Ísland og Urriðavöll í kjölfarið á þessu stóra móti. Evrópumótið sem fram fór á Urriðavelli var golfhreyingunni á Íslandi og íslenskri þjóð til mikils sóma.

Eins og gefur að skilja var kostnaður umtalsverður við framkvæmd mótsins. Uppgjör þess sýnir að kostnaður var um 1 milljón umfram tekjur. Erum við þakklát fyrir þann stuðning sem Garðabær veitti til að standa straum af framkvæmd mótsins. Það er hinsvegar von Golfklúbbsins að Garðabær hjálpi okkur við að loka þessu gati með auka framlagi.

F. h. Golfklúbbsins Odds,


Þorvaldur Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri

Uppgjör vegna Evrópumóts kvennalandsliða í golfi 2016

Tekjur

Þátttökugjöld	4.751.234
Opinberir styrkir, sveitarfélag, ríki	3.960.000
Samstarfsaðilar	1.900.000
	<u>10.611.234</u>

Gjöld

Launakostnaður:

Viðbótarlaunakostnaður á meðan á móti stóð	2.603.131
--	-----------

Útgáfukostnaður og fjölmiðlar:

- Mótsblað á ensku (500 eintök)	248.507
- Vallarvísir	93.600
- Pappir og prentun á meðan á móti stendur	39.359

Útgáfukostnaður alls:	381.466
------------------------------	----------------

Sjálboðaliðar og starfsmenn (80 sjálboðaliðar+20 stm)

- Merktur fatnaður	644.044
- Matur og kaffi sjálboðaliða/starfsm	648.400
- Talstöðvar fyrir dómara og eftirlitsmenn (10 stykki)	100.000
- Sjálfbóðaliðavesti og merkingar	154.178

Sjálboðaliðar og starfsmenn alls:	1.546.622
--	------------------

Kostnaður vegna þátttakenda, liðstjóra og þjálfara

- Poka og barmmerki og aðrar merkingar	361.475
- Myndataka liða	56.326
- Vatn/bananar/súkkulaði við 1sta og 10nda teig	65.970
- Teiggjöf / Kveðjugjöf	277.376
- Akstur keppenda/flugv /hótel/völlur	2.811.900

Kostn. vegna þátttakenda, liðstjóra og þjálfara alls:	3.573.047
--	------------------

Móttökur og veisluhöld

- Opnunarhátíð	488.900
- Lokahóf	1.560.000
- Fánaborgir/Tjaldaleiga	779.476

Móttökur og veisluhöld alls	2.828.376
------------------------------------	------------------

Ýmis kostnaður

- Skortafli við hús	416.332
- Kerrur	226.054
- Fánar keppnislanda og þjóðsöngvar (20 lönd)	50.000

Ýmis kostnaður alls:	692.386
-----------------------------	----------------

Samtals gjöld

	<u>11.625.028</u>
--	-------------------

Rekstraniðurstaða móts

	<u>-1.013.794</u>
--	-------------------